

Viðaukar

við varnarsamning Íslands og Bandaríkjanna frá 8. maí 1951.



Utanríkisráðuneytið, 18. janúar 2007

Efnisyfirlit:

Almennur viðbætir

Viðbætir um almenna flugstarfssemi

Viðbætir um framkvæmdastjórn

Sérstakt fylgiskjal nr. 1.

Sérstakt fylgiskjal nr. 2.

Sérstakt fylgiskjal nr. 3.

Sérstakt fylgiskjal nr. 4.

Sérstakt fylgiskjal nr. 5.

A L M E N N U R V I D B A E T I R.

1. gr.

Bandaríkin skulu fá til afnota landsvæði þau, sem aðilar samnings þessa verða ásáttir um og nefnd verða samningssvæðin, til herþarfa í þágu landvarna Íslands og í þágu varna á svæði því, sem Norður-Atlantshafssamningurinn tekur til, í samræmi við fyrirætlanir Norður-Atlantshafsbandalagsins eða lögmæts fulltrúa þess.

2. gr.

Í þágu öryggis á svæði því, sem Norður-Atlantshafssamningurinn tekur til, má láta herliði annarra aðila Norður-Atlantshafssamningsinsí té afnot af samningssvæðunum svo og önnur þau réttindi, sem veitt eru með samningi þessum, í samræmi við ákvarðanir, fyrirætlanir og skilyrði Norður-Atlantshafsbandalagsins eða lögmæts fulltrúa þess. Seta sliks herliðs á Íslandi skal háð fyrirfram samþykki íslenzku ríkisstjórnarinnar, enda sé eigi um að tefla hernaðarlegt neyðarástand, en þá skal leita samþykkis Íslands tafarlaust. Ákvæði þessarar greinar skulu eigi skyrð svo, að þau hafi áhrif á það, hversu margir menn hafi setu á Íslandi samkvæmt samningi þessum.

3. gr.

Bandaríkin mega hefjast handa um að reisa mannvirki og koma fyrir útbúnaði á samningssvæðunum til þess (a) að endurbæta þau og gera þau almennt nothæf til herparfa, (b) að setja lið þar og hýsa það, annast heilbrigði þess, vellíðan og velferð svo og til að geyma nauðsynlegar birgðir og útbúnað og (c) gera öryggisráðstafanir innan samningssvæðanna. Heimilt skal Bandaríkjunum að gera aðrar þær ráðstafanir, reisa önnur þau mannvirki og koma fyrir öðrum útbúnaði, sem er að áliti beggja aðila nauðsynlegur fyrir varnir Íslands og varnir svæðis þess, sem Norður-Atlantshafssamningurinn tekur til. Bandaríkin munu láta íslenzkum stjórnvöldum í té fulla vitneskju um fyrirætlunarir varðandi framkvæmdir á samningssvæðunum svo og um tilhögun, mannvirki og útbúnaðar þar.

4. gr.

Bandaríkjunum er rétt að hafa, að svo miklu leyti sem báðir aðilar telja nauðsynlegt til framkvæmdar á samningi þessum, eftirlit á Íslandi og þar í nánd með komu og brottför, legu, notkun og ferðum skípa og annars farkosts á sjó svo og flugvéla og ökutækja.

5. gr.

Bandaríkjunum er heimil för um lendur, eftir því sem báðar ríkisstjórnirnar verða ásáttar um, og er Bandaríkjunum rétt að reisa tal-, síma- og fjarskiptastöðvar, nota þær og halda þeim við, leggja síma, þ.á m. neðansjávar- og neðanjarðarstrengi, og gera samgöngubætur; enda teljist það nauðsynlegt til framkvæmda samkvæmt samningi þessum.

6. gr.

Heimilt er Bandaríkjunum með þeim skilyrðum, er um semst, að nota gas, rafmagn, vatn og önnur slík gæði og þjónustu, er almenn- ingur á kost á ("public utilities"), svo og flutninga- og samgöngu- leiðir og flutninga-, samgöngu- og fjarfskiptatæki á Íslandi, enda sé það nauðsynlegt til þeirra framkvæmda, er samningur þessi tekur til.

7. gr.

1. Samkvæmt samningi frá 7. október 1946 milli Íslands og Bandaríkjanna og viðbótarsamningum hafa tilteknar fasteignir, tilfærings og útbúnaður á Keflavíkurflugvelli orðið eign íslenzka ríkisins og aðrar fasteignir, tilfærings og útbúnaður munu verða eign íslenzka ríkisins, þegar sá samningur fellur úr gildi. Af Íslands hálfu er fallizt á, að Bandaríkin fái til afnota vegna framkvæmdar samnings þessa, án annars endurgjalds eða takmarkana en í samningi þessum greinir, allar slíkar eignir, sem við gildistöku samnings þessa eru í eigu íslenzka ríkisins, stofnana þess eða umsýsluaðila og eru á Keflavíkurflugvelli eða notaðar þar í sambandi við rekstur hans, svo og hverskonar aðrar eignir, sem þar eru í eigu sömu aðila og notaðar eru svo sem nú var sagt. Bandaríkin bera allan kostnað af samningssvæðunum, að öðru en segir í fylgiskjali um almenna flugstarfsemi.

2. Þeir flokkar eigna, sem nú verða taldir, skulu vera áfram í eigu Bandaríkjanna, meðan samningur þessi er í gildi, og er Bandaríkjunum rétt að flytja slíkar eignir hömlulaust frá Íslandi eða ráðstafa þeim þar, svo sem um semst við íslenzk stjórnvöld, hvenær sem er, áður en samningur þessi fellur úr gildi, eða innan hæfilegs tíma þar á eftir.

(a) Lausafé, sem Bandaríkin eða umsýsluaðili þeirra hefur komið fyrir á Keflavíkurflugvelli síðan 5. apríl 1947.

(b) Endurbætur, sem Bandaríkin hafa gert á Íslandi samkvæmt samningi þessum, og útbúnaður, sem þau hafa komið fyrir samkvæmt honum, enda verði slíkar eignir teknar burtu, án þess að af því hljótist mikilvægt tjón á mannvirkjum, sem byggð hafa verið fyrir gildistöku samnings þessa, og

(c) Útbúnaður, efni, birgðir og vörur, sem Bandaríkin hafa flutt til Íslands eða aflað þar samkvæmt samningi þessum.

3. Allar aðrar eignir, sem Bandaríkin hafa lagt til og eru á Íslandi samkvæmt samningi þessum, skulu haldast í eigu þeirra, unz samningur þessi fellur úr gildi, en þá skulu þær verða eign íslenzka ríkisins án endurgjalds til Bandaríkjanna, að öðru en því er segir í tölulið 4 hér á eftir.

4. Nú fellur samningur þessi úr gildi fyrir einhliða uppsögn Íslands á gildistíma Norður-Atlantshafssamningsins, og skal þá beitt ákvæðum þessa töluliðs, þar til ráð Norður-Atlantshafsbandalagsins kveður svo á, að ekki sé lengur nauðsynlegt frá hernaðarsjónarmiði að halda athafnarétti á Íslandi. Allar eignir, sem Bandaríkin hafa lagt til og eru á Íslandi samkvæmt samningi þessum, og allar eignir, sem tilgreindar eru í tölulið 2 (a) að ofan, skulu haldast í eigu Bandaríkjanna, og er Bandaríkjunum rétt að flytja þær, hvenær sem er, hömlulauast frá Íslandi, enda verði slíkar eignir fluttar burtu, án þess að af því hljótist mikilvægt tjón á mannvirkjum, sem gerð hafa verið fyrir gildistöku samnings þessa, eða selja þær eða ráðstafa þeim á annan hátt í samráði við íslenzk stjórnvöld

innan hæfilegs tíma, eftir að samningur þessi fellur úr gildi fyrir einhliða uppsögn. Útbúnaður og aðrar eignir íslenzka ríkisins, sem á samningssvæðunum eru, þegar samningur þessi fellur úr gildi, og Bandaríkin telja nauðsynlegar til þess, að svæðin séu nothæf herliði, ef til ófriðar dregur, er nær til svæðis þess, sem Norður-Atlantshafssamningurinn tekur til, skulu vera áfram á samningssvæðunum, meðan Norður-Atlantshafssamningurinn er í gildi. Það viðhald eigna á samningssvæðunum, er ráð Norður-Atlantshafsbandalagsins eða lögmætur fulltrúi þess kann að telja nauðsynlegt, skal Ísland annast eða Bandaríkin, ef Ísland óskar þess.

5. Nú ferst eign annars aðilja eða eyðileggst á samningssvæðunum, og á hann þá hvorki kröfu til skaðabóta né annarrar eignar í hennar stað úr hendi hins aðilans.

8. gr.

Eigi er Bandaríkjunum skyldt að afhenda Íslandi samningssvæðin við lok samnings þessa í sama ástandi, sem þau voru í, er Bandaríkin fengu þau til afnota. Þó skulu Bandaríkin við brottförl af samningssvæðunum, eftir því sem við verður komið, flytja burtu úrgangsefni, eyða þeim eða á annan hátt ganga frá þeim.

9. gr.

Ísland mun afla heimildar á landsvæðum og gera aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að samningssvæðin verði látin í té til afnota samkvæmt samningi þessum, og ber Bandaríkjunum eigi skylda til að greiða Íslandi, íslenzkum þegnum eða öðrum mönnum gjald fyrir afnot svæðanna.

10. gr.

Vegna framkvæmda samkvæmt samningi þessum skal veita skipum, flugvélum, herliði og ökutækjum Bandaríkjastjórnar, þ.á m. hertækjum, frjálsan aðgang að höfnum svo og frjálsa för milli hafna og samningssvæðanna, hvar sem er á Íslandi eða íslenzkri landhelgi, hvort heldur er í lofti, á láði eða legi. Réttindi þessi fela í sér undanþágu undan skyldu til að nota hafn sögumenn og greiðslu umferðagjalda. Flugvélar Bandaríkjanna mega fljúga yfir Ísland og íslenzka landhelgi og lenda þar, hvar sem er, án annarra tekmarkana en um semst.

11. gr.

Bandaríkjunum er rétt eftir samkomulagi við íslenzk stjórnvöld að leggja nauðsynlega vedi og smíða nauðsynlegar brýr og viðhalda þeim, svo og endurbæta og dýpka hafnir, ála mynni og skipalægi á leið til samningssvæðanna. Ísland og Bandaríkin munu öðru hverju ganga til samninga um þátttöku Bandaríkjanna í auknum viðhaldskostnaði vegna afnota Bandaríkjanna af vegum.

12. gr.

Bandaríkin fallast á, að menn í herliði peirra ásamt skylduliði og starfsmenn verktaka Bandaríkjastjórnar, peir sem ekki eru íslenzkir þegnar, skuli búa á samningssvæðunum, nema íslenzk stjórnvöld samþykki annað. Akvæði þetta skal eigi skýrt svo, eð fólkí þessu sé óheimilt, er það er á ferðalagi eða í leyfi, að dveljast um stuttan tíma á gístihúsum eða öðrum slíkum stofnunum á Íslandi, sem opnar eru almenningu, eftir því sem húsrými er fyrir hendi.

GERT í Reykjavík, 8. maí 1951.

Hjörður Benediktsson
Edward N. Lamm

VIDBATIR UM
ALMENNA FLUGSTARFSEMI.

1. gr.

Almennt flug ber undir íslenzk yfirvöld. Þar sem Ísland ber ábyrgð á tilhögun flugs, annars en herflugs, fallast Bandaríkin á, að ekkert ákvæði samnings þessa skuli brjóta í bág við reglur, sem Ísland setur um almenna flugstarfsemi á Keflavíkurflugvelli og varða rekstur, öryggi og þessháttar. Ísland mun hafa samráð við Bandaríkin, áður en þeim reglum sem nú gilda, er breytt, þær felldar úr gildi eða við þær aukið. Ísland mun hafa á flugvellinum skrifstofu flugmálastjórnarinnar, sem sér um framkvæmd á skyldum þeim, sem íslenzka ríkisstjórnin hefir samkvæmt ákvæðum þessa samnings tekizt á hendur varðandi almenna flugstarfsemi á Keflavíkurflugvelli, og skulu starfsmenn flugmálastjórnarinnar klæðast glöggum einkennisbúningi hennar við störf sín á flugvellinum.

2. gr.

Við gildistöku samnings þessa mun Ísland með þeim takmörkunum, sem rétt yfirvöld Íslands og Bandaríkjanna koma sér saman um vegna millibilsástands, taka við stjórn og ábyrgð almennrar flugstarfsemi á Keflavíkurflugvelli á sína áhættu, og greiðir Ísland kostnað af henni, nema öðruvísi sé ákveðið í samningi þessum. En þar sem hervöld Bandaríkjanna hljóta að annast hernaðarlegt öryggi, er samkomulag um, að þau muni, að svo miklu leyti sem herþörf krefur að þeirra dómi, taka í sínar hendur, á þeim tímabilum, er þau telja það nauðsynlegt, fulla stjórn og ábyrgð á almennri flugstarfsemi (þ.á.m. lendingar-

og aðflugsstjórn) og flugþjónustu. Að jafnaði munu herflugvélar og aðrar flugvélar verða afgreiddar í þeirri röð, sem þær koma í á flugvöllinn, nema hernaðarnauðsyn leiði til þess, að herflugvélar séu látnar ganga fyrir. Yfirvöld Íslands og Bandaríkjanna munu öðru hverju ráðgast um greiðslu kostnaðar af þjónustu, sem starfsmenn íslenzku flugmálastjórnarinnar kunna að hafa veitt herflugvélum og flutningaflugvélum Bandaríkjanna á flugvellinum. Þar sem alþjóðaflugmálastofnunin hefir falið Íslandi eftirlit með flugi á hafsvæðum, munu Ísland og Bandaríkin samræma starfsemi sína í þessum efnum til að tryggja sem best almennt og hernaðarlegt öryggi.

3. gr.

Bandaríkin munu smám saman láta hervöld sín ásamt hæfum íslenzkum mönnum taka við rekstri á Keflavíkurflugvelli úr hendi þess aðilla, sem nú fer með hann samkvæmt samningi. Bandaríkin munu, er samningur þessi kemur til framkvæmda, láta íslenzku flugmálastjórninni í té í þágu flugfélaga gegn sanngjörnu endurgjaldi, sem ákveðið verður með samkomulagi, nauðsynlegar flugvélaviðgerðir, aðgang að gistihúsum og matsölustöðum á Keflavíkurflugvelli, svo og fæði handa starfsmönnum íslenzku flugmálastjórnarinnar við sanngjörnu verði. Bandaríkin munu án endurgjalds láta í té flugvélum, sem koma eða fara, leiðbeiningar (þ.a.m. leiðbeiningar um akstur flugvéla á vellinum, veðurþjónustu og fjarskiptapjónustu), svo og annast slökkviliðsstörf og bráðabirgoalæknishjálp. Íslenzka flugmálastjórnin mun sjá um afgreiðslu á almennum flugvélum, sem eru á flugvélastæðum, og

aðra slika þjónustu (p.á.m. slökkvigæzlu, stiga og flugvélagæzlu), en Bandaríkin munu án endurgjalds leggja til útbúnað sinn. Samkomulag er um, að eftirtaldar íslenzkar umsýslustofnanir muni hafa hæfilegt húsrými fyrir skrifstofur vegna nauðsynlegrar starfsemi sinnar á flugvellinum: íslenzka flugmálastjórnin til sjálfs sín þarfa og þarfa flugfélaga, póst- og símamálastjórnin, Landsbanki Íslands, útlendingaeftirlitið, tolfyfirvöldin og Ferðaskrifstofa ríkisins. Ísland mun greiða kostnað af nauðsynlegum störfum íslenzkra yfirvalda. Bandaríkin munu greiða kostnað af þeirri mannvirkjagerð og aukningu útbúnaðar svo og viðhaldi á flugvellinum, er þau telja nauðsynlegt.

4. gr.

Ríkisstjórn Íslands skal heimilt af öryggisástæðum og hervöldum Norður-Atlantshafssbandalagsins skal heimilt af hernaðarástæðum að takmarka fyrirvaralaust um lengri eða skemmmri tíma almennt flug um Keflavíkurflugvöll. Reynt skal, svo sem kostur er, að forðast að trufla slikt flug.

5. gr.

Ísland og Bandaríkin eru ásátt um, að æskilegt sé að greina sundur flugstarfsemi hersins og almenna flugstarfsemi, og munu þau yfirvöld, er í hlut eiga, öðru nverju hafa samráð um hvernig því verði komið fyrir, að almenn flugstarfsemi noti, eftir því sem föng eru á, sérstök svæði á flugvellinum, tilfæringar og þjónustu.

6. gr.

Bandaríkin æskja þess að ráða hæfa íslenzka menn til starfa við flugrekstur, eftir því sem almennt er þörf á. Bandaríkin munu aðstoða Ísland, eftir því sem kostur er, við þjálfun íslenzkra manna á sviði flugs og flugmála. Ríkistjórnir landanna munu koma sér saman um tilhögun slikrar þjálfunar og um það, hve margir íslendingar veroi þjálfadýr.

GERT í Reykjavík, 8. maí 1951.

Björn Benediktsson
Edward N. Lanson

VIDBÆTIR UM
F R A M K V Ä M D A S T J Ö R N.

1. gr.

Bandaríkjunum er heimilt að nota herlið sitt og starfslið á Íslandi og hafa eftirlit með því, svo sem nauðsynlegt er til framkvæmda samkvæmt samningi þessum. Bandaríkin munu ekki beinlínis eða óbeinlínis ráða íslenzka ríkisborgara til starfa, nema samþykki íslenzkra stjórnvalda komi til.

2. gr.

Bandaríkjunum er heimilt að gera hvarvetma á Íslandi og hafinu umhverfis það uppdrætti af svæðum, sjávarmælingar, strandmælingar og landmælingar, svo og taka myndir úr lofti. Afhenda skal íslenzkum stjórnvöldum auðkennd eintök af öllum slíkum uppdráttum ásamt mælingaskýrslum og ljósmyndum.

3. gr.

Bandaríkjunum er rétt að setja á stofn, viðhalda og reka sjálf sín pósthús á samningssvæðunum, er einvörðungu skulu notuð af herliði og starfsliði Bandaríkjanna, sem eru Bandaríkjapegnar og starfa að framkvæmdum samkvæmt samningi þessum, svo og af skylduliði slíkra manna, bæði vegna sendinga milli pósthúsenna á samningssvæðunum og milli þeirra pósthúsa og pósthúsa í Bandaríkjunum.

4. gr.

Bandaríkjunum er heimilt að flytja til Íslands bandarískra hermenn, án þess að reglur um vegabréf og vegabréfsáritanir taki til þeirra. Bandaríkjunum er og heimilt vegna framkvæmt samkvæmt samningi þessum að flytja til Íslands skyldulið hermannar, starfsmenn í þjónustu herliðsins, verkkunnáttumenn, sem ekki eru íslenzkir þegnar, og menn í þjónustu verktaka Bandaríkjanna, enda taki íslenzkar reglur um vegabréf og vegabréfsáritanir til þeirra. Menn í herliði Bandaríkjanna skulu ávallt bera viðeigandi persónuskilríki eða merki.

5. gr.

Bandaríkjunum er rétt að hafa umsýslustofnanir á samningssvæðunum, þ.á m. sérleyfisrekstur, svo sem umsýsluverzlanir, hermannaverzlanir, mötuneyti og skemmtistaði, er einungis skulu vera til afnota fyrir herlið Bandaríkjanna og starfslið, sem til þess hefur fengið leyfi, ásamt skylduliði, og skal starfsemi þessi undanbegin öllum leyfum, leyfisgjöldum, framleiðslugjöldum, söluskatti og öðrum sköttum og gjöldum. Vörur þær og þjónusta, sem seld er eða látin í té af slíkum umsýslustofnunum, skal vera undanbegin öllum sköttum, afgjöldum og álögum. Rétt stjórnvöld Bandaríkjanna skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir, að vörur, sem seldar eru samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, verði endurseldar aðilum, er eigi hafa heimild til að kaupa vörur í slíkum umsýslustofnunum, svo og yfirleitt gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir misnotkun á þeim réttindum, sem veitt eru með þessari grein. Skulu yfirvöld Bandaríkjanna hafa samvinnu við íslenzk yfirvöld í þessu skyni.

6. gr.

Rétt stjórnvöld Íslands og Bandaríkjanna munu hafa
samvinnu um nauðsynlegar ráðstafanir um heilbrigðismál.

GERT í Reykjavík, 8. maí 1951.

Hjörnir Benediktsson
Edward N. Lamm

SERSTAKT FYLGISKJAL NR. 1.

Í fylgiskjali þessu eru talin þau svæði, sem Ísland og Bandaríkin hafa orðið ásátt um samkvæmt 1. gr. almenns viðbætis við samning þeirra frá 5. maí 1951, og fylla ákvæði þess 3. gr. þess viðbætis með því að lýsa þeim ráðstöfunum og aðstöðu, sem báðir aðilar telja, að hafi mesta þýðingu á hverju samningssvæði.

KEFLAVÍKURSVÆDID.

Landsvæði: Flugvallarsvæðið í Keflavík, sem er í eigu ríkisins, er að stærð hér um bil 22,753 ekrur, og tekur yfir flugvelli þá, er áður voru nefndir Meeks Field og Patterson Field, og Broadstreet svæðið með öllum útbúnaði, sem þar er, svo og útbúnaði sem utan vallarins er, en er nú notaður í sambandi við rekstur hans (t.d. leiðarvitinn).

Ráðstafanir og útbúnaður. Flugskýli, verkstæði, flugbrautir, akbrautir flugvéla, flugvélastöðlar og -stæði, geymslu- og dreifingarútbúnaður, þ.á m. fyrir benzin og aðra olíubirgðir, sammöguleiðir og fjarskkptatæki og leiðbeiningatæki fyrir flugvélar (þ.á m. veðurþjónustutæki) talstöðvar, ratsjár, rafeindarútbúnaður fyrir hvaða orku, útsendingu eða tíðni sem er, raforku og dreifingakrefi.

Almennt ákvæði. Rétt íslenzk stjórnvöld og hervöld Bandaríkjanna munu bera saman ráð sín, að svo miklu leyti sem hersjónarmið leyfa, um staðsetningu mannvirkja og úrbúnaðar, sem Bandaríkin kunna að vilja reisa eða koma fyrir á Keflavíkursvæðinu.

REYKJAVÍKURSVÆDID.

Landsvæði: Landrými (væntanlega 10-15 ekrur helzt utan þejar), þar sem komið verður upp stöðvum og húsum handa mönnum, sem vernda eiga flugvöllinn, höfnina, samgönguleiðir og fjarskiptatæki. Þarfir í þessum efnum verða nákvæmlega ákveðnar með samkomulagi við íslenzk yfirvöld, að rannsókn lokinni.

Ef það bykir æskilegt vegna sameiginlegra hagsmunu íslenzku ríkisstjórnarinnar og hervaldanna, að aðalstöðvar herstjórnarinnar verði hafðar í nánd við að setur ríkisstjórnarinnar til að auðvelda samskipti þeirra, verður þörf fyrir viðbótarrými handa fámennri aðalstöðvadeild.

Ráðstafanir og útbúnaður. Aðgangur að flugvellinum, höfninni, samgöngustöðvum og fjarskipta í öryggisskyni.

HVALFJARDAR SVÆDID.

Landsvæði: Ef nauðsynlegt reynist að hafa þar lið til að vernda olíugeymana, verður þörf fyrir lítið svæði, er liggur að þeim (væntanlega 5 ekrur), þar sem koma má upp stöðvum og húsum handa liðinu. Þarfir í þessum efnum verða nákvæmlega ákveðnar með samkomulagi við íslenzk yfirvöld, að rannsókn lokinni.

Ráðstafanir og útbúnaður: Aðgangur að olíugeymunum í öryggisskyni.

ÖNNUR LÄNDSVÆDI.

EFTIRLITSSTÖDVAR OG VIDVÖRUNAR:

Landsvæði: Þrjár landspildur a.m.k., (væntanlega 5 ekrur hver) fyrir eftirlits og viðvörunarstöðvar, er skipaðar séu nauðsynlegu starfsliði. Þarfir í þessum efnum verða nákvæmlega ákveðnar með samkomulagi við íslenzk yfirvöld, að rannsókn lokinni.

Ráðstafanir og útbúnaður. Nauðsynlegar ratsjár- og fjarskiptaútbúnaður.

AÐFINGASVÆDI: Landrými, að stærð um 6 x 10 mílur, sem valið verður í samkomulagi við íslenzk stjórnvöld.

MÍÐUNARSTÖD:

Landsvæði: Þörf er á einni miðunarstöð, sem skipuð sé nauðsynlegur starfsliði fyrir björgunarflug og ASW, enda leiði rannsókn ekki í ljós að staðsetja megi hana á Keflavíkurþærðinu. Staður hennar og þarfir verða ákveðnar með samkomulagi ríkisstjórna Íslands og Bandaríkjanna, að rannsókn lokinni.

Ráðstafanir og útbúnaður: Nauðsynlegur útbúnaður fyrir miðunarstöð og fjarskipti.

GERT í Reykjavík, 8. maí 1951.

*Ólafur Benediktsson
Edward N. Larson*

SÉRSTAKT FYLGISKJAL NO. 2.

I fylgiskjali þessu er kveðið á um herlið það, er Ísland og Bandaríkin hafa orðið ásátt um samkvæmt 3. gr. samnings þeirra frá 5. maí 1951. Bandaríkin hafa fyrir hönd Norður-Atlantshafssbandalagsins lagt til að hafa allt að 3900 manna lið á Íslandi samkvæmt samningnum frá 5. maí 1951. Af Íslands hálfu hefir verið fallizt á þessa tölu. Hervöld Bandaríkjanna hafa tekið fram, að lið þetta teljist ekki fullkomis öryggislið handa Íslandi, en stærð þess og skipan hafi verið ákveðin með hliðsjón af lágmarks varnarþörfum Íslands, líkunum fyrir því, hvaða liðskostur og útbúnaður verði til ráðstöfunar svo og með hliðsjón af hinum sérstöku vandamálum, sem eiga rót sína að rekja til mannfæðar íslenzku þjóðarinnar og þess, að hún hefir ekki vanizt hermennsku um langan aldur. Aukinn kostur liðs og útbúnaðar, breytingar á hernaðaraðstæðum eða þörf aukinnar aðstoðar handa herliði því, sem nauðsynlegt kann að verða, ef til styrjaldarathafna dregur, getur leitt til þess, að Norður-Atlantshafssbandalagið eða fyrirsvarsáili þess geri tillögu um aukið varnarlið, þegar svo ber undir, jafnvel þó ófriður hafi eigi skollið á. Ísland hefir skýrt Bandaríkjum frá því, að þessar yfirlýsingar verði hafðar í huga, og að hverjar slíkar tillögur verði tekna til rækilegrar athugunar og um leið litið á þá ábyrgð, sem hvílir á Norður-Atlantshafssbandalaginu og þátttökuríkjum þess. Þá hefir Ísland og tilkynnt Bandaríkjum, að það viðurkenni, að það beri undir hervöld Norður-Atlantshafssbandalagsins að kveða á um, hve fjölmennt herlið sé á Íslandi, er atburðir þeir verða, sem 5. og 6. gr. Norður-Atlantshafssamnings taka til.

GERT í Reykjavík, 8. maí 1951.

Ragnar Benediktsson
Edward B. Larson

SÉRSTAKT FYLGISKJAL NO. 3.

Í fylgiskjali þessu er kveðið á um eftirlit það, sem Bandaríkin munu hafa með flugvélum, skipum og ökutækjum, svo sem Ísland og Bandaríkin hafa orðið ásátt um, og fylla ákvæði þess 4. gr. almenns viðbætis við samning þeirra frá 5. maí 1951.

Flugvélar: Bandaríkin munu hafa eftirlit með ferðum flugvéla í nágrenni Keflavíkurflugvallar, svo sem segir í viðbæti um almenna flugstarfsemi. Bandaríkin hafa ekki í hyggju aðrar ráðstafanir varðandi flugvélar samkvæmt 4. gr. almenna viðbætisins en að sannreyna deili á flugvélum, sem nálgast, og hafa eftirlit með ferðum þeirra flugvéla, sem telja má óvina-flugvélar.

Skip: Bandaríkin hafa ekki í hyggju að gera fyrst um sinn aðrar ráðstafanir varðandi skip samkvæmt 4. gr. almenna viðbætisins en að sannreyna deili á skipum, er nálgast landið, og hafa eftirlit með siglingu þeirra skipa, sem telja má óvina-skip. Ef Ísland kynni síðar að láta í té skipalægi, hafnir eða lendingarstöðvar handa herskipum í Hvalfirði eða annars staðar, munu Bandaríkin æskja þess að hafa eftirlit með siglingum skipa, sem eru þar eða þar í nánd.

Ökutæki: Bandaríkin æskja þess að hafa eftirlit með ferðum ökutækja til samningssvæðanna og frá þeim svo og innan þeirra, en hinsvegar ekki utan þeirra.

Ófriður og hernaðarlegt neyðarástund: Bandalíkin hyggjast hafa á tímum ófriðar og hernaðarlegs neyðarástands eftirlit með siglingum skipa á höfunum umhverfis Ísland og ferðum flugvélá á Íslandi og hafinu umhverfis það svo og með ferðum ökutækja á landi, eftir því sem hernaðarástæður gefa efni til.

GERT í Reykjavík, 8. maí 1951.

Ragnar Benediktsson
Edward B. Larson

SÉRSTAKT FYLGISKJAL NO. 4.

Ríkisstjórn Íslands hefir áskilið sér að fara með lögsögu-samhliða Bandaríkjunnar yfir mönnum í liði Bandaríkjanna og skylduliði þeirra vegna tiltekinna brota, sem framin eru á Íslandi gegn lögum þess, svo sem lýst er í 2. gr. viðbætis um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra við samning ríkisstjórnar Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951. Hins vegar óskar ríkisstjórn Íslands ekki að fara með lögsögu þá, sem hún hefur áskilið sér, nema um sé að tefla sakir, sem hafa sérstaka þýðingu fyrir Ísland. Réttum íslenzkum yfirvöldum munu því verða gefin fyrirmæli og leiðbeiningar um, að réttum yfirvöldum Bandaríkjanna á Íslandi skuli, nema annað sér sérstaklega fyrirskipað, framseldur maður úr liði þeirra eða maður úr skylduliði slíks manns, er handtekinn hefur verið vegna brots, sem ber einnig undir íslenzka lögsögu.

Ríkisstjórnir Íslands og Bandaríkjanna eru ásáttar um, að hervöld Bandaríkjanna á Íslandi hafi eftirlit með fór manna til samningssvæðanna, um þau og frá þeim og að þau megi handtaka þar og setja í varðhaldá menn svo og vísa mönnum þaðan á brott. Samkomulag er og um það, að út skuli gefin fyrirmæli þess efnis, að rétt íslenzk yfirvöld og rétt hervöld Bandaríkjanna muni á samningssvæðunum hafa samvinnu um og, þegar því verður við komið, handtaka og setja í varðhald í sameiningu menn, aðra en menn í liði Bandaríkjanna og menn úr skylduliði þeirra, sem íslenzk yfirvöld vilja af einhverjum ástæðum kalla fyrir sig eða stofnað hafa til óeirða á samningssvæðunum, framið brot þar eða óhlýðnast reglum Bandaríkjaliðs, sem þar gildar.

Nú hafa yfirvöld Bandaríkjanna handtekið slíkan mann

eða sett hann í varðhald, og skal hann þá framseldur réttum íslenzkum yfirvöldum, svo fljótt sem kostur er.

Hervöld Bandaríkjanna munu, svo sem unnt er, hafa samvinnu við íslenzk yfirvöld um að koma í veg fyrir, að menn, sem íslenzk yfirvöld vilja halda utan samningssvæðanna, fari inn á þau.

Rétt íslenzk yfirvöld munu samkvæmt tilmælum yfirvalda Bandaríkjanna gera allar þær ráðstafanir, sem kostur er, til að íslenzkir þegnar, sem yfirvöld Bandaríkjanna vilja krefja vættis, komi til yfirheyrslu, þegar Bandaríkin fara með saksókn.

GERT í Reykjavík, 8. maí 1951.

Guðni Þeóðori Þórðarson
Edward B. Lanson

SÉRSTAKT FYLGISKJAL NO. 5.

ÞJÁLFUN ÍSLENDINGA Á SVIDI FLUGS OG FLUGMÁLA.

Bandaríkin takast á hendur að ljúka við þjálfun
íslendinga, svo sem kveðið er á í staflíð j í erindum,
sem á var skipzt hinn 6. maí 1949.

GERT í Reykjavík, 8. maí 1951.

Hjánni Benediktsson
Edmund B. Larson